



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts - 1.8.2017 kl. 18:00

Mætt:

Ragnar Róbertsson (RR), Baldvin Hansson (BH), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

Fjarverandi:

Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Garðar Þór Garðarsson (GÞG), Torfi Arnarson (TA), Einar Gunnlaugsson (EG), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Íslandsmót í tímaati

Samþykkt að Kvartmíluklúbburinn haldi keppni íslandsmóts í tímaati sem frestað var þann 13. maí 2017 og hún þann 20. ágúst 2017. Þann dag er fyrirhugað bikarmót í kappakstri sem fella má að dagskrá tímaatsins.

2. AKÍS dagurinn 2018

Fram hefur komið hugmynd að AKÍS degi 2018. Stjórn líst vel á hugmyndina og felur JBJ að útfæra hana nánar.

3. Örstutt um stöðu á brautarverkefni FIA

Hafin er vinna við að teikna brautir AÍH, KK og BA eftir FIA leiðbeiningum. Vonast er til að þær teikningar liggi fyrir síðla hausts. Samskipti eru að hefjast við brautarhönnuð FIA, Stuart Robertson, um framhaldið sem yrði meira unnið af FIA.

4. Mótakerfi AKÍS - Staða

Nokkrar villur eru útistandandi. Reynt mun að hafa samband við höfund kerfisins til að ljúka þessum villum.

Ábending barst um að það vanti að geta skráð varabíl í tímaati. Hægt væri að skrá slíkar upplýsingar í athugasemdir.

5. Önnur mál

Æfingar akstursípróttasambands - Að gefnu tilefni er bent á að sömu reglur um búnað gilda um æfingar og keppni.

6. Næsti fundur

15. ágúst 2017 - Google Hangouts kl. 18:00